

AUDUR: Já, nei. Við Baldur erum bara góðir vinir. Ég gæti aldrei orðið kærastan hans. Ég hef svo geggjæðislega sjúskaða fortíð og hef lifað svo hræðilegu lífi. Ég á skilið að eiga kærasta eins og Ómar. En ... ég hef ekki verið eins og ég á að mér að vera síðan hann hvarf. Málið er að ég sakna hans ... *ekki*. Eiginlega hef ég aldrei á ævinni verið eins fegin og þegar mér var sagt að hann væri týndur. Það var bókstaflega eins og kraftaverk. --- Ég er með soldið samviskubit. Ég meina sko, segjum til dæmis ... ef hann hefur nú til dæmis verið flæktur í eitthvað mál eða eitthvert hræðilegt slys skeð fyrir hann eða þannig ... þá væri það nefnilega soldið mér að kenna, sko þú veist, vegna þess að ég sko ... innst inni var ég búin að óska þess.

MÉR HEFUR ENGINN
ÁÐUR SÝNT BLÍÐU
AUM VAR 'ÚN MAMMA
ÉG VAR FÖÐURLAUST GREY
ÉG HITTI KARLA
SEM FENGU ALLT Í FRÍÐU
ER FINGRUM ÞEIR SMELLTU
ÉG SAGÐI ÓKEI!

ÞÁ BIRTIST BALDUR
HANN BAK VIÐ ÞIG STENDUR
HANN BLEKKIR MIG EKKI
ÉG TRÚNAÐ HANS FINN
SNÖGGLEGA BROSIR
HANN BALDUR ÞÁ VIÐ MÉR
MEÐ BLÍÐU OG SKILNING
SEM HOLLVINUR MINN

*ÉG VILDI AÐ ÞAÐ YNDI
VARAÐ'UM EILÍFÐ
ÞAÐ VONDA SÉ HORFIÐ
OG LÍFIÐ SEM NÝTT*

SKILDU ÞAÐ ELSKAN
MIG SKELFDA ÞAÐ GERÐI
SVO SKYNDILEGA
AÐ FINN'EITTHVAÐ BLÍTT
Í EINNI SVIPAN
MÉR ENDURLAUSN VEITTI
ÁSTIN MÍN BALDUR
ÉG LEIÐSÖGN HANS FINN

LOKS Í MIG SJÁLFA
HANN BALDUR MÉR BREYTTI
MEÐ BLÍÐU OG SKILNING
MEÐ BLÍÐU OG SKILNING
MEÐ BLÍÐU OG SKILNING
MEÐ BLÍÐU OG SKILNING
MEÐ BLÍÐU OG SKILNING
ER BALDUR LOKS MINN